

KJARASAMNINGUR

milli

Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSK), Landssambands íslenzkra verzlunarmanna,
Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar - sambands iðnfélaga, Starfsgreinasambands Íslands,
VR, félaga með beina aðild (Félag bókkagerðarmanna, Félag hársnyrtisveina, Félag
leiðsögumanna, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna) og samninganefndar ASÍ
annars vegar

og

Samtaka atvinnulífsins hins vegar

Efnisyfirlit

Framlenging gildandi kjarasamninga.....	2
Kaupliðir	2
Almenn launahækkun	2
Sérstök hækkun kauptaxta, 230.000.- kr. og lægri	2
Lágmarkstekjur fyrir fullt starf	2
Desember- og orlofsuppbót.....	2
Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða	2
Aðfarasamningur.....	3
Efnahagsumgjörð	3
Aðgerðir til stuðnings kaupmætti.....	4
Nýtt íslenskt samningalíkan	4
Viðræðuáætlun	5
Markmið.....	5
Gildissvið	5
Samningsumboð.....	5
Launatölfræði og efnahagsupplýsingar.....	5
Sérmál önnur en launaliðir	5
Endurskoðun viðræðuáætlunar	6
Launaliðir	6
Fyrirkomulag samningaviðræðna	6
Fundaáætlun / tímasett markmið.....	6
Lok viðræðna	6
Breytt ákvæði kjarasamninga.....	6
Veikindi og slys í orlofi	6
Skrifleg staðfesting ráðningar	7
Bókanir.....	7
Sameiginleg launastefna samningsaðila	7
Starfsmenntamál	7
Skrifleg staðfesting ráðningar	8
2.mgr. lokaákvæðis	8
Yfirlýsing um lífeyrismál.....	8
Lokaákvæði.....	8
Afgreiðsla kjarasamninga	8

Framlenging gildandi kjarasamninga

Allir kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 31. desember 2014, þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga, að því frátöldu að kaupliðir breytast sem hér segir:

Kaupliðir

Almenn launahækkun

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta, 230.000.- kr. og lægri

Launaflokkar í kjarasamningum Flóabandalagsins og SGS hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjöl með viðkomandi kjarasamningum. Kauptaxtar annarra félaga og sambanda sem eru lægri en 230.000.- kr. hækka sérstaklega um 1.750.- kr. Kauptaxtar gilda frá 1. janúar 2014.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki:

1. janúar 2014, kr. 214.000 á mánuði.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600. (VR/LÍV 60.900).

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 29.500. (VR/LÍV 22.200).

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða

Hækkun framlaga til fræðslu- og starfsmenntasjóða um 0,1% koma til framkvæmda með eftirfarandi hætti:

1. janúar 2014 til Landsmenntar og Starfsafsl.

1. júní 2014 til fræðslusjóða iðnaðarmanna.

1. janúar 2015 til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

Aðfarasamningur

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamninga sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins og í samræmi við eftirfarandi forsendur og markmið.

Vegna sameiginlegra mála SA og aðildarsamtaka ASÍ við endurnýjun kjarasamninga haustið 2013 er unnið skv. sérstakri viðræðuáætlun sem undirrituð var 25.11 2013.

Efnahagsumgjörð

Verðbólga hefur verið miklu meiri og sveiflukenndari hér á landi en í viðskiptalöndum okkar áratugum saman. Mikil verðbólga veldur margvíslegu tjóni. Verðskyn slævist, aðhald að verðlagi og samkeppni minnkar og fjárhagsáætlanir bregðast. Síðast en ekki síst veldur mikil verðbólga háum vöxtum. Verðbólgan dregur þannig úr skilvirkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins og heldur niðri lífskjörum fólksins í landinu.

Samningsaðilar vilja ná víðtækri samstöðu um að rjúfa þennan vítahring. Þeir kynntu fyrir ríkisstjórn þá málaflokka sem þeir töldu skipta máli og snúa annars vegar að mikilvægum þáttum í verðlagsþróun og efnahagsstöðugleika, auk ýmissa breytinga er stutt geta við jákvæða þróun kaupmáttar heimilanna, sbr. fylgiskjal. Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar dags. 15. nóvember 2013 var komið á samstarfsvettvangi milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda þar sem unnið verður að því að markmið samnings þessa nái fram að ganga. Á þessum samráðsvettvangi munu aðilar samnings þessa og stjórnvöld leggja grunn að því að koma á varanlegum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Mikilvægt er að ábyrgðarskipting milli einstakra aðila verði skilgreind betur en hingað til hefur verið gert.

Efnahagslegur stöðugleiki stuðlar að bættri framleiðni sem er forsenda aukins kaupmáttar. Megin markmið kjarasamninga er aukinn kaupmáttur og stöðugt verðlag. Heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa sameiginlega unnið að greiningu og endurskoðun á vinnubrögðum við gerð kjarasamninga til að þeir styðji framangreind markmið.

Í því felst:

- a. að launabreytingar, hvort sem þær eru kjarasamnings- eða einstaklingsbundnar, samrýmist stöðugu verðlagi,
- b. að gengi krónunnar verði sem stöðugast, bæði innan hvers árs og milli ára,
- c. að stöðugra efnahagsumhverfi stuðli að sambærilegum vöxtum og í nágrannalöndunum.

Aðgerðir til stuðnings kaupmætti

Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálastefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Í þeirri vegferð er mikilvægt að verðbólguþéttun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum.

Samningsaðilar skulu á gildistíma þessa kjarasamnings fjalla um og fylgja eftir aðgerðum til stuðnings þessum markmiðum. Eftirfarandi aðgerðum er ætlað að styrkja markmið samningsins um aukinn kaupmátt, hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga almennings, fyrirtækja, opinberra aðila og aðila á fjármálamarkaði:

- a. Gengið er út frá því að ákvarðanir um hækkun krónutölugjalda í fjárlögum ríkisins og gjaldskráa ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja í þeirra eigu, vegna ársins 2014 samrýmist stöðugu verðlagi.
- b. Gengið er út frá því að fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum í ljósi kostnaðaráhrifa þessa samnings og þeirra breyttu verðbólguvæntinga sem honum er ætlað að stuðla að.
- c. Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld leita leiða til að takmarka hvers kyns sjálfvirka verðuppfærslu viðskiptasamninga og gjaldskráa fyrirtækja og stofnana.
- d. Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld beita sér fyrir endurskoðun á vörugjöldum og tollum með lækkun verðlags að markmiði.
- e. Aðilar samningsins munu sameiginlega og hvor í sínu lagi beita sér fyrir verðstöðugleika og aðhaldi í verðlagsmálum.

Aðilar samningsins ganga út frá því að heildarlaunabreytingar á samningstímanum samrýmist verðbólguþéttuninni, 2,5%. Í því felst það markmið að hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands verði innan við 4% á árinu 2014. Það felur í sér að við framkvæmd kjarasamninga á árinu 2014 verði launabreytingar ekki umfram það sem leiðir af kjaratengdum ákvæðum þessa kjarasamnings, samningsbundinni réttindaávinnslu og starfsþróun.

Nýtt íslenskt samningalíkan

Heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa sameiginlega greint skipulag vinnumarkaðar, undirbúning og gerð kjarasamninga á Norðurlöndunum með það að markmiði að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd eftir því sem aðilar verða ásáttir um. Helstu einkenni norræna líkansins eru; atvinnugreinasamningar milli samtaka atvinnurekenda og samflots stéttarfélaga (kartela) sem taka til allra starfsmanna fyrirtækja í viðkomandi grein; svigrúm fyrir

launabreytingar ræðst af samkeppnishæfni og sjálfbærni greina í alþjóðlegri samkeppni; fastmótað samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði; miðlægir samningar um kostnaðarramma sem útfærðir eru í nærsamningum.

Fyrir lok febrúar 2014 munu aðilar skilgreina þær greinar þar sem atvinnugreinasamningar geta hentað. Í framhaldi þeirrar vinnu sem fram mun fara eru aðilar sammála um að stefna að því að gera einn eða fleiri atvinnugreinasamninga.

Viðræðuáætlun

Markmið

Aðilar munu þegar hefja viðræður vegna þeirra kjarasamninga sem framlengdir eru með samningi þessum og gilda til 31. desember 2014 með það fyrir augum að ljúka gerð nýrra samninga fyrir þann tíma. Markmið þeirra verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélaginu til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

Gildissvið

Áætlun þessi tekur til aðalkjarasamninga, sérkjarasamninga og annarra samninga sem falla undir eða eru hluti aðalkjarasamninga.

Samningsumboð

Fyrir lok janúar 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

Launatölfræði og efnahagsupplýsingar

Í maí 2014, eða eins fljótt og auðið er, munu samningsaðilar kortleggja samningsniðurstöður á samningssviði aðila og leggja mat á framkvæmd og áhrif samninganna á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Í þeirri vinnu verður einnig litið til undangenginna tveggja samningstímabila. Niðurstöður verði gefnar út í skýrslu.

Skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagssumhverfi og launaþróun“ frá í október 2013 sem unnin var af samningsaðilum á opinberum- og almennum vinnumarkaði verður uppfærð fyrir lok september 2014.

Sérmál önnur en launaliðir

Viðræður einstakra samningsaðila um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar um einstaka þætti þannig að viðræður um sömu eða skylda þætti fari fram á sama tíma milli allra samningsaðila. Kröfur komi fram fyrir lok janúar 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok september 2014 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara skv. 1. mgr. 24. gr. laga 80/1938.

Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist fyrir 15. október 2014 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundur skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn.

Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna sbr. 2.mgr. 24.gr. laga nr. 80/1938.

Breytt ákvæði kjarasamninga

Veikindi og slys í orlofi

Viðeigandi ákvæði kjarasamninga um veikindi í orlofi breytist og hljóði svo:

Veikindi og slys í orlofi

„Veikist starfsmaður í orlofi innanlands, í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti, rafpósti eða á annan sannanlegan hátt nema force major aðstæður hindri en þá um leið og því ástandi léttir. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni, standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa og tilkynni hann atvinnurekanda innan þess frests hvaða lækni annist hann eða muni gefa út læknisvottorð, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum ástæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Atvinnurekandi á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem

kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á. Sömu reglur og að ofangreindir gilda um slys í orlofi.“

Skrifleg staðfesting ráðningar

Við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf bætist eftirfarandi ákvæði:

Réttur til skaðabóta

„Brjótí atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.“

Samsvarandi ákvæði komi inn í samkomulag ASÍ og SA um skriflega staðfestingu ráðningar.

Bókanir

Sameiginleg launastefna samningsaðila

Kjarasamningar undirritaðir í dag fela í sér tilteknar niðurstöður um almenna launahækkun, hækkun kauptaxta og aðrar breytingar sem saman mynda heildarkostnað gagnvart atvinnulífínu á samningssviði aðila. Almenn launahækkun er 2,8% á samningstímanum, þó að lágmarki 8.000 kr. á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Að auki hækka launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði sérstaklega.

Krónutöluhækkun og sérstök hækkun lægstu kauptaxta er sértæk láglaunaaðgerð sem hækkar launakostnað misjafnlega eftir greinum.

Framangreind niðurstaða kjarasamninga felur í sér að mótuð hefur verið sameiginleg og samræmd launastefna gagnvart þeim samningum sem enn eru ógerðir á samningssviði aðila. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að framfylgja framangreindri launastefnu á árinu 2014 .

Í þessu felst m.a. að launakerfi sem samsett eru af grunnlaunum og aukagreiðslum og/eða álögum (þó ekki vaktaálögum), hvort sem er í formi prósentu eða fastrar fjárhæðar innan dagvinnumarka, þarf að aðlaga þannig að fjárhæðir aukagreiðslna og álaga hækki um 2,8%.

Starfsmenntamál

Aðilar eru sammála um að ráðast í sameiginlega úttekt á núverandi fyrirkomulagi fræðslu- og starfsmenntamála með það að markmiði;

- a. að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði,
- b. að stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga og koma á sameiginlegri vefgátt fyrir þá,
- c. að ráðast í átak til að kynna sjóðina og þann ávinning sem þangað er að sækja,

- d. fjalla um með hvaða hætti ráðstafa megi hluta af þeirri hækkun sem samið er um í samningi þessum til þess að ná markmiðum í staflaðum b og c.

Úttektinni skal lokið fyrir 1. maí 2014.

Skrifleg staðfesting ráðninga

Aðilar eru sammála um, að nokkur misbrestur er á að gerðir séu skriflegir ráðningarsamningar eða ráðning staðfest skriflega í samræmi við ákvæði kjarasamninga um ráðningarsamninga og ráðningarbréf. Samningsaðilar munu á samningstímabilinu vinna að því að kynna skyldur atvinnurekenda og réttindi launamanna samkvæmt þessum ákvæðum. Aðilar munu fyrir árslok 2015 gera úttekt á framkvæmd ákvæðisins og virkni þess, og endurskoða það í ljósi hennar. Nýju ákvæði um viðurlög er ætlað að mæta athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Telji ESA ákvæðið ekki fullnægjandi munu samningsaðilar þegar taka upp viðræður til að bregðast við.

2. mgr. lokaákvæðis

Aðilar munu á gildistíma samnings þessa taka til umræðu ákvæði 2. mgr. lokaákvæðis samnings þessa.

Yfirlýsing um lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu og að unnið verði að framgangi hennar á samningstímanum.

Lokaákvæði

Ákvæði þessa samnings verða hluti þeirra kjarasamninga sem undirritaðir eru 21. desember 2013 milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra stéttarfélaganna sem samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ hefur umboð fyrir. Rísi ágreiningur með aðilum um texta einstakra ákvæða ræður texti þessa skjals.

Öll ákvæði þessa samnings hafa gildi lágmarkskjarasamnings skv. ákvæðum 1.gr. laga 55/1980.

Afgreiðsla kjarasamninga

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 16:00 þann 22. janúar 2014.

Reykjavík, 21. desember 2013

F.h. Samninganefndar ASÍ

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Flóabandalagsins

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

F.h. Samiðnar – sambands iðnfélaga

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

F.h. VR

F.h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna

F.h. félaga með beina aðild